



Fuglamerkingar 2019

Árið 2019 var 99. ár fuglamerkinga á Íslandi og það 88. í umsjón Íslendinga. Fimmtú og þrír merkingamenn skiluðu skýrslum um merkingu á alls 15.775 fuglum af 82 tegundum (10.959 fullvaxnir og 4816 ungar). Fjöldi merktra er mun minni en síðustu tvö ár þegar rúmlega 21.000 fuglar voru merktir hvort ár, en svipaður meðaltali 10 síðustu ára. Mest var merkt af auðnutittlingum, 3531 fugl, en næstmest af skógarþröstum 2574 fuglar. Búið er að afgreiða 4779 endurheimtur íslenskra merkja sem tilkynnt var um á árinu (þar af 581 innanlands, ekki á merkingastað, og 103 erlendis), auk 94 endurheimta erlendra merkja.

Starfslið

Fuglamerkingaráð: Guðmundur A. Guðmundsson (formaður), Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Svenja N.V. Auhage, Anna Sveinsdóttir, Kjartan Birgisson og Trausti Baldursson.

Dagleg umsýsla: Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage (0,29 og 0,44 ársverk).

Fuglamerkingar

Alls voru 15.775 fuglar af 82 tegundum merktir árið 2019 (samtala 1921-2019 756.456 nýmerkingar; 1. tafla). Voru 10.959 þeirra fullvaxnir og 4816 ófleygir ungar. Þar á meðal voru þrjár nýjar merktar, næturgali, víxlnefur og tígultáti (alls 161 tegund frá upphafi).

Virkir merkingamenn (þ.e. þeir sem merktu einhvern fugl á árinu) voru 53 talsins (2. tafla) sem er fjórum færri en á síðasta ári. Einn nýr merkingamaður, Guðmundur Falk (nr. 433) gekk til liðs við okkur á árinu.

- Þrír afkastamestu aðilar við fuglamerkingar árið 2019 voru Sverrir Thorstensen með 4575 fugl merktan, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands með 2915 fugla og Jón Magnússon með 1521 fugl (2. tafla).
- Mest var merkt af eftirtöldum tegundum árið 2019: 3531 auðnutittlingur, 2574 skógarþröstir, 1990 snjótittlingar, 1504 kríur, 1144 lundar og 758 ritur (1. tafla).
- Þær tólf tegundir sem mest hefur verið merkt af frá upphafi eru: 84.578 snjótittlingar, 81.456 lundar, 73.164 skógarþröstir, 59.192 kríur, 44.078 auðnutittlingar, 37.624 ritur, 33.129 fýlar, 21.505 skúmar, 20.319 teistur, 18.036 langvíur, 20.902 æðarfuglar og 17.897 þúfutittlingar (1. tafla).
- Þrjár nýjar tegundir voru merktar á árinu. Það voru víxlnefur *Loxia leucoptera* sem kom í net Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands í Einarsslundi og næturgali *Luscinia megarhynchos* og tígultáti *Pheucticus ludovicianus* sem komu í net í Sólbrenniskógi við Seltjörn.

Endurheimtur

Óvenju margar endurheimtur og álestrar á merki á lifandi fuglum bárust árið 2019. Alls voru afgreiddar 4779 tilkynningar um endurfundi íslenskra merkja á árinu og voru flestir þeirra (4095) endurveiðar á merkingastað, 581 innanlands utan merkingastaðar og 103 erlendis, auk 94 erlendra merkja (samtala 1921-2019, 68.919 skráðir endurfundir merkja).

Auk hefðbundinna endurheimta málmmerkja á fuglum sem finnast dauðir, særðir, veikir eða endurveiðast berast okkur árlega álestrar af litmerktum fuglum í hundruða tali frá almenningi og vísindamönnum. Fæstir hafa álestrarnir ratað inn í gagnagrunninn okkar enn sem komið er. Við

erum í góðum samskiptum við umsjónarmenn litmerkinga sem halda utan um gagnagrunna um litmerkingar einstakra tegunda. Margir þeirra senda okkur árlega afrit af gagnagrunnunum til varðveislu.

Ár frá ári fjölga tegundum og einstaklingum sem merktir eru með staðsetningabúnaði sem sendir ýmist ferðasögu sína um gervihnött eða farsímakerfi eða hlaða niður gögnum í gagnarita sem þarf að endurheimta til að lesa af. Allur þessi tæknibúnaður hefur smækkað hratt á síðustu árum, sem gerir okkur kleift að setja slík tæki á minni fugla en áður. Þar með fást upplýsingar um farflug og vetrarstöðvar margra tegunda sem engin vitneskja var til um. Skemmst er að minnast nýuppgötvaðs ferðalags óðinshana frá V-Evrópu, þar á meðal fjögurra frá Íslandi, þvert yfir Atlantshaf og Mið-Ameríku til hafsvæða austanverðs Kyrrahafs við strendur Perú (van Bemmelen et al. 2019).

Flestar endurheimtur á fuglum merktum á Íslandi sem tilkynnt var um á árinu voru 3472 auðnutittlingar, 299 æðarfuglar, 172 langvíur, 60 stormsvölur, 53 lundar og 52 svartþrestir. Af þeim 94 fuglum af 20 tegundum með erlend merki sem endurheimtust hérlendis var mest af helsingja en 20 fundust á árinu, 11 tjaldar, 11 jaðrakonar, 8 álftir og 7 grágæsir. Uppruni erlendu merkjanna var eftirfarandi: 77 frá Bretlandseyjum, 5 frá Frakklandi, 3 frá Noregi, 2 frá Portúgal, 2 frá Spáni og 1 frá hverju eftirtalinna landa: Hollandi, Danmörku, Finnlandi, Póllandi og Svíþjóð.

Lengsta skráða ferð í endurheimtum ársins 2019 var endurfundur sílamáfs í Casablanca, Marokkó sem merktur hafði verið sem ófleygur ungi á Garðaholti 2012. Hann var 3529 km frá merkingastað. Á svipuðum slóðum, eða á Tangier í Marokkó fannst merki af heiðagæs (Reykjavík 1767) sem merkt var sem ófleygur ungi í Þjórsárverum árið 1953, 3315 km frá fundarstað. Merkið var grafið í jörð og fannst með hjálp málmleitartækis. Þetta er langt utan hefðbundinna slóða íslenskra heiðagæsa sem einkum hafa vetursetu á Bretlandseyjum. Svo virðist sem talsvert af heiðagæsnum sem merktar voru af breskum leiðangri sem Sir Peter Scott leiddi í Þjórsárver 1953, hafi lent í hrakningum á leið sinni til vetrarstöðva um haustið. Þá bárust tilkynningar um endurheimtur m.a. frá Lanzarote í Kanarí í september, Terceira í Azoreyjum í október og frá Asturias á Spáni í desember.

Ný íslensk aldursmet:

Skrofa (481010) sem Jóhann Óli Hilmarsson merkti í Ystakletti í Vestmannaeyjum sem fullorðna með hreiður, þá líklega a.m.k. sex ára, fann Ingvar A. Sigurðsson á sama stað 27 árum síðar þann 14. júní 2018 þá ekki minna en 33 árs gömul. Tilkynning barst í ársbyrjun 2019. Þess má geta að ný endurheimta sama fugls var gerð á sama stað í sömu holu 16. júní 2020 og skrofan þá orðin a.m.k. 35 ára.

Margæs (119216), sem Guðmundur A. Guðmundsson merkti árgamla við Hausastaði á Álftanesi 20. maí 2004, fannst illa haldin í Seabanks, Dundalk Bay á Írlandi 13. október 2019 og dó. Hún var 15 ára og 4 mánaða.

Sendlingur (895126), sem Gunnar Þór Hallgrímsson merkti sem ófleygan unga á Hraunhafnar-tanga á Sléttu 18. júní 2006, endurveiddist þar 13 árum og einum degi síðar.

Langvía (323897), sem Arnþór Garðarsson merkti í Látrabjargi, V-Barð. sem fullvaxna í varpi 3. júní 1987, var enduveidd 11.706 dögum síðar á hreiðri á sama stað þann 21. júní 2019, þá a.m.k. 33 ára.

Stuttnefja (335400), sem Arnþór Garðarsson merkti sem fullvaxinn fugl í varpi 31. maí 1996 í Ritugjá í Látrabjargi, endurheimtist 25. júní 2018 á hreiðri sínu í Látrabjargi, þá a.m.k. 25 ára gömul.

Hrossagaukur (764411), sem Sverrir Thorstensen veiddi á hreiðri a.m.k. árgamlan (2.ár+) í Flatey á Breiðafirði 9. júní 2008, var endurveiddur á sama stað 19. júlí 2019 þá orðinn a.m.k. 12 ára gamall.

Aðrar óvenjulegar endurheimtur á árinu:

Íslenskir æðarfuglar eru að mestu staðfuglar, en hingað koma hánorrænir æðarfuglar frá Svalbarða og A-Grænlandi til vetursetu. Tíundi æðafuglinn merktur á Svalbarða endurheimtist á árinu, en fyrir voru til þrjá íslenskar endurheimtur æðarfugla á Austur-Grænlandi og 17 endurheimtur grænlenkt merktra æðarfugla á Íslandi. Ein endurheimta er til af æðarfugli merktum í Kanada. Frændi þeirra æðarkóngurinn er hánorrænn fugl og hafa tveir merktir erlendis náðst hér; Ungfugl á fyrsta vetri frá Jamesonlandi á A-Grænlandi skotinn á Seyðisfirði í desember 1963 og fullorðin kolla merkt á hreiðri á Svalbarða sumarið 2016, drukknaði í neti á Þistilfirði í apríl 2019. Sá fugl bar gagnarita.

Englendingurinn Lee Collins las á litmerki finnskrar kríu 22. júní 2019 við æðarvarpið í Norðurkoti á Reykjanesskaga sem merkt hafði verið í Pori, Satakunta, í Finnlandi 3. júlí 2008 (HELSINKI AT046914, Wf[JNZ]). Hann fann einnig og ljósmyndaði stálmerkta árgamla kríu (portlandica) sem bar sænskt merki (STOCKHOLM 4???180). Því miður tókst ekki að fulllesa merkið en upprunaland og aldur voru ljós. Íslensk kría (781159), sem Ólafur Torfason merkti vestan Gálgahrauns í Garðabæ sem ófleygan unga 8. júlí 2016, sást á Fanø á Jótlandi og var lesið á málmmerkið með fjarsjá 9. júní 2018. Tilkynningin barst haustið 2019.

Rauðbrystingur merktur í Póllandi (POLG HN55668) sem fullvaxinn á 1. ári 18. ágúst 2016 við ósa Vistula við Gdansk og litmerktur að auki. Sá hefur eitthvað villst af hefðbundinni leið, en Guðmundur Örn Benediktsson las á litmerkið við Ásmundarstaði 6. júní 2019.

Litmerkt tildra (WASH 1372-46895) sem var merkt árgömul þann 16. ágúst 2018 við Alert á Ellesmereeyju (á 82,5°N) í Nunavut í Kanada sást við Húsatóftir í Grindavík 24. júní 2019. Það var Eyjólfur Vilbergsson sem fann fuglinn og ljósmyndaði.

Ársgamall franskur hettusöngvari (PARIS 8853927) endurheimtist tvisvar á Íslandi sumarið 2019. Fyrst flaug hann á rúðu og rotaðist á Smyrlabjörgum 25. maí 2019 og kom svo í net Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands í Einarslundi 22.7.2019.

Grænfinka (9A78116) merkt á Höfn í Hornafirði 9. desember 2018 kom í net merkingamanna á Uigen, Lewis, Western Isles, Skotlandi, 29. maí 2019. Endurheimtan sýnir að sumir fuglar sem hrekjast til okkar eiga afturkvæmt.

Merkingaleiðangrar

Arnór Sigfússon frá Verkís og Carl Mitchell frá WWT fóru fyrir merkingaleiðangri í Öræfasveit 3. árið í röð ásamt fjölmenni frá Náttúrustofu Austurlands, Náttúrustofu Suðausturlands og Vatnajökulsþjóðgarði og litmerkту helsingja í sárum með stálpaða unga. Alls voru 134 fullorðnir helsingjar og 113 ungar merktir.

Þorkell Lindberg Þórarinsson og samstarfsmenn á Náttúrustofu Norðausturlands fóru víða og endurheimtu svartfugla og ritur með dægurríta í fuglabjörgum. Einnig nýmerkту þeir 13 langvíur og 21 stuttnefju.

Íslandsvinurinn Jim Wilson kom ásamt hópi manna til að lesa á litmerkta rauðbrystinga á Vesturlandi síðsumars og bar það góðan árangur, en ekkert varð úr frekari merkingum.

Fjölmennur leiðangur undir stjórn Norman Ratcliffe frá British Antarctic Survey (BAS) rannsakaði ferðir svartfugla á varptíma frá Látrabjargi, Grímsey, Skoruvíkurbjargi, Skrúð og Papey. Þeir nýmerkту 158 langvíur og 66 stuttnefjur og öfluðu flugferla fæðuöflunarferða margra þeirra með GPS gagnaritum. Fróðlegt viðtal við þessa aðila var flutt í Landanum á RÚV 24. nóvember 2019 (<https://www.ruv.is/landalandakort/1442078>).

Úrvinnsla, kynning og birting gagna

Allmargar beiðnir um tölfræði vegna merkinga og endurheimta eða afhendingu endurheimtugagna til úrvinnslu bárust á árinu og vörðuðu skrofur, sjósvölur, stormsvölur, álftir, tjalda, hrafna, skógarþresti og Flateyjarfugla. Í flestum tilfellum var hægt að láta umbeðnar upplýsingar af hendi.

Nokkrar greinar sem byggja á fuglamerkingum birtust á árinu.

Alerstam og félagar (2019) greindu frá niðurstöðum merkinga kría með dægurrítum í Svíþjóð í frábærri grein. Þau endurheimt 8 kríur með alls 12 heilsárs flugferla. Þótt ekki sé fjallað beint um íslensk gögn þá eru kríur af íslenskum uppruna væntanlega skammt undan.

Leandri-Breton og félagar (2019) merktu á árunum 2014-2017 alls 72 sandlóur með dægurrítum á Byloteyju, Nunavut, Kanada. Næstu árin endurheimtust 29% merktu fuglanna og 17 heilsárs flugferlar og þrír sem spönnuðu aðeins haustflug og dvöl á vetrarstöðvum í V-Afríku (Vestur-Sahara, Míritanía, Senegal, Gambia og Gínea Bissau). Margir fuglanna áttu viðdvöl á Íslandi að vorlagi þrátt fyrir að það væri nokkuð úr leið en fleiri flugu beint yfir hafið frá sunnanverðu Grænlandi til vesturstrandar meginlands Evrópu að haustlagi.

Komutími langvía og stuttnefja í björg í N-Atlantshafi var skoðaður út frá gögnum sem aflað var með dægurrítum búnum saltvatnsrofa (Merkel og félagar 2019). Þrátt fyrir mikinn breytileika mátti sjá að á tímabilinu 2009 til 2018 komu báðar tegundir fyrir er á leið, en það hafði lítil áhrif á tímasetningu klaks.

Morrison og félagar (2019) veltu fyrir sér komutíma sandlóa og varpárangri þeirra með líkanagerð byggðum á mælingum á náttúrulegum breytileika í komutíma merktra einstaklinga. Það kemur í ljós að þeim fuglum sem koma snemma gengur betur en þeim sem koma síðar, fyrst og fremst vegna þess að þeir hafa meiri tíma til endurvarps ef varp misferst.

van Bemmelen og félagar (2019) birtu yfirlitsgrein um niðurstöður rannsókna á ferðum evrópskra óðinshana með hjálp dægurríta. Gögnin sýndu að fuglar sem upprunir eru í norðanverðri Skandinavíu og austar eiga sér vetrarheimkynni í Indlandshafi en þeir sem upprunnir eru vestar (Skotland, Ísland, Grænland) leita vestur um haf til Kyrrahafsstranda Mið- og S-Ameríku á vetrum.

Heimildir sem tengjast íslenskum fuglamerkingum birtar 2019

- Alerstam, T., J. Bäckman, J. Grönroos, P. Olofsson & R. Strandberg 2019. Hypotheses and tracking results about the longest migration: The case of the arctic tern. – *Ecology and Evolution* 9 (17): 9511-9531. DOI: 10.1002/ece3.5459
- Leandri-Breton, D.J., J.F. Lamarre & J. Bety 2019. Seasonal variation in migration strategies used to cross ecological barriers in a nearctic migrant wintering in Africa. – *J. Avian Biol.* 50 (6). DOI: 10.1111/jav.02101
- Merkel, B., S. Descamps, N.G. Yoccoz, J. Danielsen, F. Daunt, K.E. Erikstad, A.V. Ezhov, D. Grémillet, M. Gavrilov, S.-H. Lorentsen, T.K. Reiertsen, H. Steen, G.H. Systad, P.L. Þórarinnsson, S. Wanless & H. Strøm 2019. Earlier colony arrival but no trend in hatching timing in two congeneric seabirds (*Uria* spp.) across the North Atlantic. – *Biol. Lett.* 15: 20190634. <http://dx.doi.org/10.1098/rsbl.2019.0634>
- Morrison, C.A., J.A. Alves, T.G. Gunnarsson, B. Þórisson & J.A. Gill 2019. Why do earlier-arriving migratory birds have better breeding success? – *Ecology and Evolution* 2019 (9): 8856–8864. DOI: 10.1002/ece3.5441
- van Bemmelen, R.S.A., Y. Kolbeinnsson, R. Ramos, O. Gilg, J.A. Alves, M. Smith, H. Schekkerman, A. Lehtikoinen, I.K. Petersen, B. Þórisson, A.A. Sokolov, K. Välimäki, T. van der Meer, J.D. Okill, M. Bolton, B. Moe, S.A. Hanssen, L. Bollache, A. Petersen, S. Thorstensen, J. González-Solís, R.H.G. Klaassen & I. Tulp 2019. A migratory divide among Red-Necked Phalaropes in the Western Palearctic reveals contrasting migration and wintering movement strategies. – *Front. Ecol. Evol.* 04 April 2019 | <https://doi.org/10.3389/fevo.2019.00086>

Urriðaholti í Garðabæ 23. nóvember 2020.

Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage

1. tafla. Merktir fuglar 2019 skipt eftir tegundum og aldri (fullvaxnir og ófleygir) ásamt heildarfjölda þeirra frá upphafi merkinga 1921 til og með 2019. Sjaldgæfum tegundum er öllum steipt saman í eina heildartölu, en sjalgæfar tegundir 2019 eru tífundaðar neðanmáls.

EUR	Tegund	Species	2019			Samtals 1921-2019		
			Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
20	Lómur	<i>Gavia stellata</i>	9		9	321	264	585
40	Himbrimi	<i>Gavia immer</i>				13		13
110	Flórigoði	<i>Podiceps auritus</i>				167	380	547
220	Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	225	173	398	27435	5694	33129
460	Skrofa	<i>Puffinus puffinus</i>	8	19	27	302	351	653
520	Stormsvala	<i>Hydrobates pelagicus</i>	17		17	5981	14	5995
550	Sjósvala	<i>Oceanodroma leucorhoa</i>	11	21	32	8636	157	8793
710	Súla	<i>Morus bassanus</i>				1431	6316	7747
720	Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>				4	3425	3429
800	Toppskarfur	<i>Phalacrocorax</i>	25	57	82	2267	5131	7398
1540	Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	12	9	21	4359	3637	7996
1580	Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>				5632	8215	13847
1590	Blesgæs	<i>Anser albifrons</i>				465		465
1610	Grágæs	<i>Anser anser</i>	15	11	26	1070	2183	3253
1670	Helsingi	<i>Branta leucopsis</i>	134	113	247	334	251	585
1680	Margæs	<i>Branta bernicla</i>				1858		1858
1730	Brandönd	<i>Tadorna tadorna</i>	1	4	5	1	9	10
1790	Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>	2		2	344	1936	2280
1820	Gargönd	<i>Anas strepera</i>				64	173	237
1840	Urtönd	<i>Anas crecca</i>				219	961	1180
1860	Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	2	33	35	415	2180	2595
1890	Grafönd	<i>Anas acuta</i>				71	246	317
2030	Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>	2		2	346	994	1340
2040	Duggönd	<i>Aythya marila</i>	2		2	562	1452	2014
2060	Æður ¹⁾	<i>Somateria mollissima</i>	156	128	284	11437	9465	20902
2110	Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>				130	152	282
2120	Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>				585	862	1447
2130	Hrafnsönd	<i>Melanitta nigra</i>	1		1	629	437	1066
2170	Húsönd	<i>Bucephala islandica</i>				612	364	976
2210	Toppönd	<i>Mergus serrator</i>				272	123	395
2230	Gulönd	<i>Mergus merganser</i>				9	8	17
2430	Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>		55	55	12	785	797
3090	Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	4	41	45	328	1023	1351
3180	Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	4	61	65	112	1821	1933
3300	Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	25	1	26	5081	4187	9268
4500	Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	59	249	308	1895	9513	11408
4700	Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	46	82	128	1932	7968	9900
4850	Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	43	49	92	1417	8409	9826
4960	Rauðbrystingur	<i>Calidris canutus</i>	5		5	7117		7117
4970	Sanderla	<i>Calidris alba</i>				3075		3075
5100	Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	16	32	48	3120	1218	4338
5120	Lóuþræll	<i>Calidris alpina</i>	3	10	13	4298	2145	6443
5190	Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	32	26	58	1254	6364	7618
5320	Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	5	27	32	995	2096	3091
5380	Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	13	44	57	508	6621	7129
5460	Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	15	88	103	1188	7125	8313
5610	Tildra	<i>Arenaria interpres</i>	2		2	4144		4144
5640	Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	12	7	19	1383	3055	4438
5650	Þórshani	<i>Phalaropus fulicarius</i>				50	63	113

1. tafla (frh.)

EUR	Tegund	Species	2019			Samtals 1921-2019		
			Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
5670	Kjóí	<i>Stercorarius parasiticus</i>		7	7	114	757	871
5690	Skúmur	<i>Catharacta skua</i>		130	130	168	21337	21505
5820	Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	1	76	77	377	13253	13630
5900	Stormmáfur	<i>Larus canus</i>		1	1	44	2595	2639
5910	Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>		11	11	2976	3486	6462
5920	Silfurmafur	<i>Larus argentatus</i>		1	1	1041	2668	3709
5980	Bjartmáfur	<i>Larus glaucoides</i>				81		81
5990	Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	7		7	579	2587	3166
6000	Svartbakur	<i>Larus marinus</i>		22	22	435	3328	3763
6020	Rita	<i>Rissa tridactyla</i>	13	745	758	3518	34106	37624
6160	Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	299	1205	1504	5315	53877	59192
6340	Langvía	<i>Uria aalge</i>	176	12	188	12090	5946	18036
6350	Stuttnefja	<i>Uria lomvia</i>	88		88	1791	94	1885
6360	Álka	<i>Alca torda</i>	1		1	2893	2879	5772
6380	Teista	<i>Cephus grylle</i>	6	22	28	2390	17929	20319
6540	Lundi	<i>Fratercula arctica</i>	121	1023	1144	34569	46887	81456
7670	Eyrugla	<i>Asio otus</i>		20	20	6	20	26
7680	Brandugla	<i>Asio flammeus</i>		2	2	47	107	154
10110	Þúfuttlingur	<i>Anthus pratensis</i>	464	18	482	9579	8318	17897
10200	Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	188	35	223	2342	6641	8983
10660	Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>	42		42	1013	168	1181
11460	Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	35		35	1494	3367	4861
11870	Svartþröstur	<i>Turdus merula</i>	126	4	130	1173	207	1380
12010	Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	2490	84	2574	49671	23493	73164
13140	Glókollur	<i>Regulus regulus</i>	62		62	336	6	342
15720	Hrafn	<i>Corvus corax</i>		6	6	156	1591	1747
15820	Stari	<i>Sturnus vulgaris</i>	330	40	370	3561	1265	4826
16630	Auðnutittlingur	<i>Carduelis flammea</i>	3527	4	3531	41702	2376	44078
18500	Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	1982	8	1990	82335	2243	84578
	60 algengar tegundir 2019, 78 frá upphafi		10864	4816	15680	375676	379304	754980
	22 sjaldgæfar tegundir 2019, 83 frá upphafi ²⁾		95	0	95	1383	93	1476
	Alls 82 tegundir 2019, 161 tegund frá upphafi		10959	4816	15775	377059	379397	756456

1) þ.m.t. æður eldisungar 4624 og þar af 99 eldisungar 2019.


2) Alls 83 sjaldgæfar tegundir. Eftirtaldar 22 tegundir voru merktar á árinu (allt fullvaxnir fuglar nema annað sé tekið fram): förufálki 1, bjargdúfa 11, landsvala 1, silkitoppa 1, glóbrystingur 2, næturgali 1, garðaskotta 2, gráþröstur 7, söngþröstur 4, netlusöngvari 2, garðsöngvari 1, hettusöngvari 22, hnoðrasöngvari 6, gransöngvari 10, laufsöngvari 1, flekkugrípur 1, bókfinka 1, fjallafinka 3, hrímtittlingur 1, víxlnefur 1, krossnefur 17, tígultáti 1.

2. tafla. Fjöldi merktra fugla 2019 skipt eftir merkingamönnum.


Nr.	Nafn	Fullv.	Ungi	Alls
353	Aðalsteinn Snæþórsson	2	43	45
273	Arnór Þórir Sigfússon	147	117	264
417	Árni Ásgeirsson	9	10	19
261	Björn Hjaltason	619	4	623
380	Böðvar Þórisson	148	26	174
423	Cristian Gallo	0	49	49
401	Ellen Magnúsdóttir	1	15	16
262	Erpur Snær Hansen	87	1040	1127
424	Eyjólfur Tryggvason	4	123	127
432	Fannar Þeyr Guðmundsson	1	0	1
222	Finnur Logi Jóhannsson	4	30	34
388	Freydís Vigfúsdóttir	156	102	258
385	Fuglaathugunarstöð SA-lands	2206	709	2915
347	Grétar Jónsson	0	128	128
289	Guðmundur A. Guðmundsson	154	40	194
433	Guðmundur Falk	317	0	317
425	Guðmundur Örn Benediktsson	0	14	14
316	Gunnar Tómasson	525	2	527
368	Gunnar Þór Hallgrímsson	53	112	165
237	Gunnlaugur Pétursson	6	0	6
291	Halldór Walter Stefánsson	1	2	3
332	Hallgrímur Gunnarsson	0	12	12
429	Höskuldur Þráinsson og Sigríður Magnúsdóttir	25	0	25
405	Ingvar A. Sigurðsson	170	7	177
223	Jóhann Óli Hilmarsson	0	4	4
403	Jón Einar Jónsson	54	11	65
431	Jón Kolbeinn Jónsson	53	7	60
309	Jón Magnússon	1469	52	1521
240	Kristinn H. Skarphéðinsson	0	37	37
270	Kristlaug Pálsdóttir	28	2	30
412	Lára Guðmundsdóttir	17	0	17
420	Margrét Rögnvaldsdóttir	0	16	16
427	Norman Ratcliffe	224	0	224
216	Ólafur K. Nielsen	30	61	91
322	Ólafur Torfason	0	113	113
409	Óskar Andri	146	4	150
284	Páll Leifsson	168	65	233
406	Róbert A. Stefánsson	0	6	6
250	Sigurður Ægisson	45	0	45
344	Smári Lúðvíksson	43	0	43
419	Sunna Björk Ragnarsdóttir	14	0	14
402	Svenja Auhage	1	5	6
248	Sverrir Thorstensen	3113	1462	4575
413	Sölvi Rúnar Vignisson	20	8	28
365	Tómas Grétar Gunnarsson	73	89	162
382	Vigfús Eyjólfsson	13	5	18
357	Yann Kolbeinsson	0	14	14
370	Þorkell L. Þórarinsson	45	1	46
381	Þorlákur S. Helgason	74	64	138
333	Þorlákur Sigurbjörnsson	676	130	806
228	Þorvaldur Björnsson	2	29	31
364	Þórir Snorrason	0	15	15
191	Ævar Petersen	16	31	47
	Samtals	10959	4816	15775

1. mynd a til f. Sýnishorn nokkurra tegunda þar sem tíðni merkinga frá upphafi (1932-2019) eftir vikum árs er sýnd. Bornar eru saman merkingar á ófleygum ungum (rautt) og fullvöxnum fleygum fuglum á öllum aldri (blátt). Hjá farfuglum má ráða hvenær fyrstu og síðustu fuglar koma og fara og hjá ungum hvenær klak á sér stað, hvenær hámark ungaríma er og hvenær ungar verða fleygir.


a) Sandlóa




b) Lóuþræll




c) Spói



d) Þúfutittlingur



e) Músarrindill



f) Skógarþröstur

